

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 154/1974. **Kyndill h/f**  
 (Áki Jakobsson hrl.)  
 gegn  
**Kristjáni Vilhelmssyni**  
 (Einar Viðar hrl.).

**Dómenður:**

hæstaréttardómurarnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,  
 Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Fjárnámsgerð staðfest.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1974. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með stefnu 30. apríl 1974 höfðaði stefndi mál fyrir bæjarþingi Keflavíkur á hendur áfrýjanda til greiðslu skuldar að fjárhæð 284.333 krónur auk vaxta og kostnaðar. Skuld þessi var samkvæmt vixli, útgefnum af stefnda 17. september 1973, en samþykktum af áfrýjanda með gjalddaga 24. desember 1973. Málið var þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 8. maí 1974, og á bæjarþinginu 5. júní s. á. var gerð með aðiljum svofelld sátt:

„Stefndi, Kyndill h.f., Keflavík, greiði stefnanda, Kristjáni Vilhelmssyni, Breiðási 1, Garðahreppi, kr. 284.333.00 ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 24. desember 1973 til greiðsludags, kr. 920.00 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 37.000.00 í málskostnað, allt þann 5. júlí n. k.

Greiðslustaður er skrifstofa Einars Viðar hrl., Hafnarstræti 11, Reykjavík.

Sátt þessi er aðfararhæf.

F. h. stefnanda: Garðar Garðarsson hdl.

F. h. stefnda: Bjarni Þór Jónsson“.

Sátt þessi er grundvöllur hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Krafa áfrýjanda um, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi, er á því byggð, að Bjarni Þór Jónsson, cand. juris, sem undirritaði sáttina fyrir hann, hafi ekki haft umboð til þess.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð ber með sér, að framkvæmdastjóri og prókúruhafi áfrýjanda, Jósafat Arngrímsson, lýsti yfir því í fógætaréttinum, að áðurnefnd sátt hefði verið gerð „í sínu umboði, en án sinnar vitundar“.

Nefndur framkvæmdastjóri kom fyrir dóm á bæjarþingi Keflavíkur 28. apríl 1975 og staðhæfði þá, að lögfræðingur sá, sem undirritaði sáttina fyrir hönd áfrýjanda, hefði ekki haft umboð til þess, „enda hafi hann bætt við í fógætaréttinum „án minnar vitundar“.“ Yfirlýsingu framkvæmdastjóra áfrýjanda fyrir fógætarétti um, að lögfræðingur sá, er undirritaði sáttina fyrir áfrýjanda, hafi haft til þess umboð, hefur eigi verið hnekkt, og verður hún lögð til grundvallar dómi í málinu, sbr. og 45. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, greiði stefnda, Kristjáni Vilhelmssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Fjárnámsgerð fógætaréttar Keflavíkur 12. júlí 1974.**

Ár 1974, föstudaginn 12. júlí, var fógætaréttur Keflavíkur settur í húsakynnum Kyndils h/f, Hafnarfirði, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Guðmundi Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógætaréttarmálið nr. 159/1974: Kristján Vilhelmsson gegn Kyndli h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Einar Viðar hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birta sátt

bæjarþings Keflavíkur, gerða 5. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar sáttinni, kr. 284.333 auk  $1\frac{1}{2}\%$  mánaðarvaxta frá 24. desember 1973 til greiðsludags, kr. 920 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 37.000 í málskostnað, kr. 2.030 fyrir endurrit og fjárnámsbeiðni og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Forstjóri gerðarþola, Jósafat Arngrímsson, er sjálfur mættur í réttinum. Hann segir sáttina gerða í sínu umboði, en án sinnar vitundar og segir einnig, að víxlinum, er liggur til grundvallar sáttinni, hafi verið stolið.

Skoraði fógæti á hann að greiða umkrafaða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógæti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda muni til fjárnáms: Víxil að upphæð kr. 460.000, með gjalddaga þann 20. nóvember nk., samþykktan af Garðari Sigmundssyni, víxil að upphæð kr. 64.957, með gjalddaga þann 1. nóvember nk., samþykktan af Jóni E. Jakobssyni, og víxil með gjalddaga 1. nóvember nk., að upphæð kr. 151.200, samþykktan af Pétri Filippussyni. Fallið var frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum víxlum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Gerðarbeiðandi tók víxlana í sína vörslu.